

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2005-2006

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	5
4.	Starfsmannahald	5
5.	Aðalnámskrá leikskóla...	6
6.	Skólanámskrá	6
7.	Annað skipulag	6
8.	Önnur samskipti	7
9.	Símenntun	7
10.	Tölvumál	9
11.	Þróunarverkefni	9
12.	Mat á skólastarfi	9
13.	Framkvæmdir	10
14.	Gjafir	11

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2005-2006
2. Niðurstöður ECERS

1. Starfstími

Starfsárið var frá 8. ágúst 2005 - 7. júlí 2006. Sett var upp almanak fyrir veturinn þar sem helstu viðburðir voru skráðir: tilbreytingadagar, skipulagsdagar og aðrir viðburðir sem búið var að tímasetja. Var það sett inn í ársáætlun sem send var til allra foreldra á haustdögum. Sjá *fylgiskjal 1*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:30. Var hann stytur um hálf tíma frá 1. nóvember, þegar mjög lítil nýting var fyrirséð milli 16:30 og 17:00. Voru þá aðeins 2-3 börn sem vildu nýta þann tíma. Var þeim boðin tilfærsla á tímum eða að stytta hann, sem varð raunin hjá þeim öllum.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað seinnipartinn í september. Þema vetrarins er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Sjá *fylgiskjal 1*, Ársáætlun, þar sem fjallað er um starfið á Kvistalandi, hópavinnu á Könglalandi og skólahóp. Þau börn sem nýttu fáa daga voru náttúrulega ekki í öllu því sem unnið var með, en allir fengu eitthvað.

Við höfum haft aðgang að íþróttahúsinu fjórum sinnum í viku og höfum nýtt það mjög vel. Nokkur skipti féllu úr, aðallega vegna ófærðar eða hálfu, en alltaf var farið gangandi í þessar ferðir. Ekki var farið með eins árs börnin en flest eldri börnin hafa komist með. Einnig hefur verið farið með hópa í heimsókn í bókasafn Varmahlíðarskóla og að skoða þá gripi sem enn eru eftir úr náttúrugripasafninu.

Af og til er farið í skóginn hérna við hliðina, eða upp í skógræktina. Er það ýmist til að safna efnivið eða bara að njóta þess að vera úti í náttúrunni. Einnig hefur verið farið niður að Húseyjarkvíslinni og þykir þá sérstaklega gaman að fara í göngin undir veginn.

Þriðjudaginn 20. desember var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar líka boðnir. Var það haldið í Varmahlíðarskóla þar sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins eitt leikskólabarn sem ekki kom. Foreldrar voru með öllum börnunum og þónokkuð af systkinum. Stefán Gíslason spilaði á nikku, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, svala og piparkökur.

Í tilefni af 7 ára afmæli leikskólans var foreldrum boðið að koma og fylgjast með starfinu frá kl 9-11 mánudaginn 30. janúar. Boðið var upp á grænmetisbita í tilefni af tannverndarviku, sem hófst þann dag. Nokkrir foreldrar komu og dvöldu um stund.

Á öskudaginn, 1. mars, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Hefur skapast sú hefð hjá okkur að hafa þetta fyrir hádegi hér þar sem sum börnin hafa verið að fara annað á grímuball eftir hádegið. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig eins og í fyrra, og gafst það ágætlega. Að þessu sinni voru þurrkaðir ávextir í tunnunni í staðinn fyrir sælgæti.

Ljósmyndari bauð fram þjónustu sína að koma í leikskólann og mynda börnin, bæði í hóp og hvert fyrir sig. Þar sem foreldrar sýndu þessu þónokkurn áhuga var ákveðið að myndatökan færi fram fimmtudaginn 16. febrúar. Voru þá boðuð aukalega þau börn sem ekki áttu vistun þennan dag. Síðan varð að fresta myndatökunni þar sem þetta var einn af fáum dögum í vetur þar sem eitthvað var að veðri. Var þá stefnan tekin á 16. mars. Ljósmyndarinn mætti kl 9 þann dag og var fram yfir kl 12. Þá var búið að taka myndir af þeim börnum sem voru á staðnum og óskað var eftir að yrðu mynduð.

Myndlistarsýning var að þessu sinni í sæluviku. Auglýst var opið hús fimmtudaginn 4. maí og föstudaginn 5. maí frá kl 8-16 báða dagana. Nokkrir foreldrar gáfu sér tíma til að staldra við og líta á verkin, en þetta er greinilega ekki góð leið til að fá inn mikinn fjölda sýningargesta. Það hanga yfirleitt alltaf uppi einhver verk allan veturinn og er skipt nokkuð reglulega um þau en af þessu

tilefni var reynt að vera með sýnishorn af flestu því sem unnið hafði verið. Voru uppi 4-5 verk eftir hvert barn.

Fimmtudaginn 8. júní stóð foreldrafélagið fyrir sumarhátíð. Þá var öllum börnunum sem voru í leikskólanum í vetur boðið að koma í garðinn. Farið var í leiki og grillaðar pylsur. Að þessu sinni gerði hellidembu, þannig að flestir hrökluðust inn með pylsurnar sínar.

Í maí tókum við þátt í ljósmyndaverkefni á vegum Baulhús. Það fór þannig fram að öll börnin sem fædd eru árið 2000 fengu senda einnota myndavél, sem þau máttu síðan taka myndir á af því sem þeim þótti fallegt. Við sendum svo myndavélarnar til baka, en hugmyndin er að gefa út ljósmyndabók með úrvali mynda frá þessum aldurshópi.

Aðrir viðburðir hafa verið fyrir þann hóp sem er í leikskólanum á hverjum tíma. Má þar nefna að:

- 14. september var gengið á Reykjarhólinn.
- 26. sept. átti að vera fjöruferð hjá tveim elstu árgöngunum, en henni var frestað vegna veðurs til 11. október. Þegar enn var snjór og kuldi 11. október var ferðin slegin af.
- Miðvikudag 19. október var náttfataball
- Þriðjudag 15. nóvember var hattaball
- Miðvikudag 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Fimmtudag 6. apríl var furðufataball.
- Íþróttadagur miðvikudaginn 31. maí - gengið á Reykjarhólinn.
- Hjóladagur var miðvikudaginn 28. júní. Máttu börnin þá koma með hjól með sér og var mikið hjólað úti þann dag, enda blíðskapar veður.

Elstu börnin fóru í heimsókn í Akraskóla fimmtudaginn 30. mars og í Varmahlíðarskóla fimmtudaginn 18. maí. Auk þess komu 6 ára börn úr Varmahlíðarskóla og Akraskóla í heimsókn í leikskólann fimmtudaginn 27. október. Lokaferðin hjá elstu börnunum var í

Byggðasafnið í Glaumbæ 22. maí, þar sem Sirrý tók á móti þeim og fylgdi um húsakynnin. Eftir það borðuðu þau í K.S. Varmahlíð. Síðan var útskrift úr skólahóp kl 14:00 þann dag. Þá fóru börnin með vísur, eitt og eitt í einu, síðan var þeim afhent útskriftarskjal og ein rós. Eftir það var boðið upp á kaffi og meðlæti.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2005

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F. h.	E. h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2000	10,8	5,6	6	8	14	71,7	7,2
Árg. 2001	4,4	2,0	4	3	7	27,0	3,4
Árg. 2002	8,0	5,8	4	5	9	55,1	8,9
Árg. 2003	5,4	2,2	4	5	9	34,8	7,0
Árg. 2004	4,8	1,6	4	2	6	30,9	7,7
	33,4	17,2	22	23	45	219,5	34,2

4. Starfsmannahald

1. des 2005

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		fæðingarorlof	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	5	4,53	4	3,73	1	0,8
Ófagl. starfsmenn	7	4,75	7	4,75		
Eldhús	1	0,75	1	0,75		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	14	10,41	13	9,61	1	0,8

Miklar fjarvistir starfsfólks hafa einkennt þennan vetur. Fyrir utan venjuleg frí og veikindi hafa tveir starfsmenn verið fjarverandi í hálfan mánuð hvor vegna fóttaáðgerða. Annar þeirra var einnig í fríi vegna utanlandsferðar í rúman hálfan mánuð í janúar og fram í febrúar. Dauðsföll í fjölskyldum starfsfólks hafa einnig valdið nokkrum fjarvistum þar sem þrír starfsmenn hafa misst nákominn ættingja/tengdafólk. Þetta hefur gert það að verkum að veturinn hefur verið frekar erfiður í hugum

starfsfólks. Þokkalega hefur gengið að manna á móti forföllum þar sem rúmlega hálf staða við leikskólann var ætluð til þess, en þó hafa yfirvinnutímar verið þónokkrir af þessum völdum.

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda. Þó hefur skólanámskrá ekki enn komið út en foreldrabæklingur hefur verið endurskoðaður og bættur, til að koma þar á móti.

6. Skólanámskrá

Skólanámskrá er í vinnslu. Hefur lítill tími gefist til þess að fjalla sameiginlega um hana en eitt eintak hefur verið prentað fyrir leikskólann. Kom reyndar fljótlega í ljós eftir að það var komið á blað að þar voru einhver atriði sem þarf að endurskoða, þar sem þau voru ekki í samræmi við raunveruleikann.

7. Annað skipulag

Þrjú börn hafa verið í sérkennslu í vetur. Tvö þeirra voru tekin út úr hóp tvisvar sinnum í viku og unnið með þau í málörvunarverkefnum. Þriðja barnið er einhverfur drengur og þurfti hann starfsmann með sér allan daginn. Var ýmist unnið með hann í barnahópnum eða einan sér. Dóra Heiða Þroskaþjálfari hafði umsjón með honum og veitti starfsmanni leiðsögn. Kom hún alla jafnan hálfsmánaðarlega á klukkutíma fund með stuðningsaðilanum. Auk þess komu tvær konur frá Greiningarstöð ríkisins og voru með námskeið þriðjudaginn 4. október og eftirfylgni föstudaginn 25. nóvember. Komu þær með góð ráð í farteskinu og verkefni til að vinna með. Mikil vinna var lögð í að setja upp verkefni við hæfi drengsins og fengum við hrós frá Greiningarstöðvarkonunum fyrir þá vinnu. Gekk vinnan með drenginn vonum framár og urðu ágætir framfarir yfir veturinn, en þetta var síðasti vetur hans í leikskóla.

Lögð er áhersla á að koma til móts við þarfir starfsmanna hvað vinnutilhögun varðar, svo fremi að það komi ekki niður á starfseminni. Reynt er að nýta sem best reynslu og hæfileika hvers og eins.

Sigurbjörg Agnes Sævarsdóttir, nemi á 4. ári í fjarnámi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri, var í verknámi hjá okkur í 10. vikur, frá 30. ágúst til 4. nóvember, undir handleiðslu Sigríðar Helgadóttur.

Berglind Róbertsdóttir var í starfi hjá okkur á vegum vinnuskólans frá 12. júní til 7. júlí.

8. Önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 8. nóvember. Dóra Heiða, þroskaþjálfari, var með fyrirlestur um fatlanir. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum á tímabilinu janúar til apríl þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Fulltrúar frá Akraskóla, Varmahlíðarskóla, skólaskrifstofu og Birkilundi hittust 19. október til að bera saman bækur sínar og skipuleggja gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn. Þetta er gert einu sinni á ári til að stuðla að samfelli milli skólastiga og milda skólaskil.

9. Símenntun

Haldið var tveggja daga námskeið fyrir matráða 18. og 19. ágúst. Kennari var Ásta Búadóttir og bar námskeiðið yfirskriftina: Næringarfræði og matreiðsla með áherslu á grænmetisrétti. Sóttu þetta námskeið matráðar í leikskólum á norðurlandi vestra, þar á meðal Jóna Gísladóttir frá Birkilundi.

Skipulagsdagur að hausti var mánudaginn 29. ágúst. Var hann nýttur til að undirbúa vetrarstarfið.

Boðað var til haustþings á Siglufirði fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 23. september 2005. Fyrir hádegi var Þórgnýr Dýrfjörð með fyrirlestur um heimspeki og hvernig hún getur gagnast manni. Eftir hádegið fjallaði hann um vellíðan og á hvers ábyrgð hún er, út frá heimspekilegu sjónarhorni.

Sigrún Hjartardóttir leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi og Áslaug Melax leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi komu þriðjudaginn 4. október í Varmahlíðarskóla og voru með námskeið f.h. þar sem fjallað var um almenn einkenni einhverfu og kennsluaðferðir. Eftir hádegi var unnið sérstaklega út frá einstaklingnum sem við erum með. Sigríður Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir sátu þetta námskeið fyrir hönd leikskólans.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var 9. febrúar. Þá fjallaði Sigríður Síta Pétursdóttir um leikinn og hvað börnin eru að læra þegar þau eru í leik. Kl. 12 var hópnum skipt. Sigríður Síta var með ófaglært starfsfólk í umfjöllun um samskipti og boðleiðir, en leikskólakennarar sátu réttindanámskeið hjá Guðjóni Ólafssyni um könnun Gerd Strand.

Sara Gísladóttir sat námskeið um meðferð hegðunar-erfiðleika, sem haldið var í Háskólanum á Akureyri 10. og 11. apríl. Kennarar voru Sigríður Lóa Jónsdóttir, Tryggvi Sigurðsson og Stefán J. Hreiðarsson, sérfræðingar í fötlunum barna.

Föstudaginn 9. júní sátu allir starfsmenn leikskólans, nema matráður, 6 klst námskeið um Stig af stigi. Fyrirlesari var Kristján Már Magnússon frá Reyni ráðgjafarstofu. Veitti þetta námskeið leikskólakennurunum réttindi til kennslu með þjálfunarefninu en aðrir fengu þátttökuskýrteini.

10. Tölvumál

Ein nettengd tölva er á skrifstofu leikskólastjóra, en auk þess tvær eldri tölvur, sem við fengum í Varmahlíðarskóla í haust. Komu þær í staðinn fyrir gömlu tölvurnar tvær sem við vorum með. Önnur þeirra er staðsett í Furulandi og hafa börnin fengið að nýta hana eitthvað. Hin er á kaffistofu starfsfólks þar sem hún er nýtt í undirbúningstímum leikskólakennara, þó það sé ókostur að hún er ekki nettengd. Einnig er hún notuð fyrir ljósmyndir og vinnslu á þeim.

11. Próunarverkefni

Enn hefur verið í gangi þróun á hópastarfinu og nýtingu á Furulandi. Á haustdögum skapaðist nokkur óánægja meðal einstakra foreldra vegna fyrirvaralausra breytinga á hópum og einnig að þeim fannst við ekki vera að sinna þeirra börnum sem skildi. Var þar um að ræða börn, sem eru í Akaskóla tvisvar sinnum í viku og okkur fannst því ekki ástæða til þess að vera að vinna með þeim í sams konar verkefnum og þau eru með þar. Eftir að málin höfðu verið rædd lögði þær öldur.

Kartöfluræktin hefur gefist vel. Einnig fengum við ágætis kál úr garðinum í skógræktinni síðast liðið sumar. Gulrótnaræktin gekk ekki eins vel, enda var gulrótunum sáð í júní og þá var einmitt þurrkatími lengi vel á eftir þannig að enginn árangur sást af því. Var ákveðið að sá gulrótum tímanlega inni og planta þeim síðan út. Var þeim sáð í apríl og síðan settar niður í garðinn við leikskólann í lok maí. Nokkrum dögum seinna voru settar kartöflur í hinn hlutann af garðinum. Búið er að gera tjaldstæði í skógræktinni og því ekki um neina matjurtarækt að ræða þar.

12. Mat á skólastarfi

Við notum ECERS-kvarða til að meta innra starf og búnað. Matið var framkvæmt í byrjun apríl og tóku allir starfsmenn á deildum þátt í því. Sjá *fylgiskjal 2*.

Niðurstöður eru svipaðar og síðast liðið vor, en þó fær innra starfið á eldri deildinni heldur hærra skor núna. Það var það sem mest var horft á eftir síðasta mat. Svo eru hlutir eins og starfsmannaástaða sem fá mjög lágt skor og þyrfti að skoða hvernig bæta má úr því.

15. Framkvæmdir

Síðast liðið sumar voru máluð þau herbergi sem ekki voru máluð sumarið þar áður. Að vísu gleymdust bæði forstofan og þvottahúsið.

Á haustdögum var farið í að ganga frá lóðinni framan við húsið. Var þá ákveðið að hafa grasflöt sunnan við húsið þar sem hægt væri að láta börn sofa í vögnum. Við það færðist kartöflugarðurinn nokkru austar, úr skjólinu og nær götunni. Var lokið við að þekja en eftir er að ganga frá næst húsinu, þar sem átti að fá hellur frekar en setja grasræmu. Þegar þökur voru settar upp að girðinunni sunnan við húsið tókst að loka þar gati sem komið var undir girðinguna. Hins vegar var ekkert lagað í kring um leikfangaskúrinn eins og beðið hafði verið um, enda varla hægt á þessum tíma þegar alltaf voru börn í garðinum.

Sett var niður girðing á grassvæðinu milli götunnar og þjóðvegarins, en oft hefur manni fundist hin hraða umferð um þjóðveginn vera óþægilega nálægt leikskólanum. Var tilgangurinn með þessari girðingu sá að stoppa börnin af ef þau hlypu í átt að þjóðveginum.

Sett var ný loka á norðara hliðið þar sem börnin gátu auðveldlega opnað þá sem fyrir var. Varð þetta reyndar til þess að mjög erfitt er að ganga um hliðið, þar sem lokan er stíf og hliðið opnast inn en lokan er utaná. Var m.a. sett útá þetta við úttekt á leiksvæðinu, sem gerð var í haust.

Þegar kom fram yfir áramót var lóðin orðin frekar illa farin. Mikil frostlyfting hafði orðið og síðan dottið niður göt hér og þar, sem sum voru orðnar heil miklar holur. Mældust þær uppundir 30

cm að dýpt. Er því mikil þörf fyrir að skipt verði um jarðveg í lóðinni.

16. Gjafir

Foreldrafélag leikskólans færði okkur nýja stafræna myndavél, þar sem sú sem við vorum með fyrir var orðin frekar slitin og úrelt, þannig að hún nýttist illa eftir að tölvan var uppfærð. Einnig færði foreldrafélagið okkur eitt þríhjól, að verðmæti 25 þúsund króna.

Varmahlíð 3. júlí 2006

Steinunn Arnljótsdóttir